



Umhverfisstofnun

*Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík*

Reykholti, 7. maí 2012
1205028 SHJ

Efni: Drög að áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011 - 2015

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 25. apríl 2012 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Drög að áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011 – 2015.

Lögð fram drög að áfanga- og verkáætlun fyrir gerð vatnaáætlunar 2011 – 2015. Byggðaráð Bláskógabyggðar lýsir yfir undrun sinni á fyrirkomulagi og skipulagi þessarar vinnu. Ljóst er að með þessu verkefni er verið að gera mun ítarlegri kröfur og greiningu en gert er ráð fyrir með tilskipun Evrópubandalagsins. Byggðaráð gagnrýnir þetta vinnulag íslenskra stjórnvalda og telur eðlilegra að miða þessa vinnu við þær aðstæður sem við búum við á Íslandi en ekki gera meiri kröfur en tilskipun EU gerir ráð fyrir, enda er hún sett vegna aðstæðna hjá þéttbýlum löndum á meginlandi Evrópu.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 3. maí 2012

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar